

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 158/2018

frá 6. júlí 2018

um breytingu á XVII. viðauka við EES-samninginn (Hugverkaréttindi)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1128 frá 14. júní 2017 um flytjanleika efnisveitubjónustu á Netinu yfir landamæri á innri markaðnum ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 198, 28.7.2017, bls. 42.
- 2) XVII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við á eftir 11. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/26/ESB) í XVII. viðauka við EES-samninginn:

„12. **32017 R 1128**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1128 frá 14. júní 2017 um flytjanleika efnisveitubjónustu á Netinu yfir landamæri á innri markaðnum (Stjtið. ESB L 168, 30.6. 2017, bls. 1.), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 198, 28.7.2017, bls. 42.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í 5. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar orðast „56. og 57. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins“ sem „36. og 37. gr. EES-samningsins“.
- b) Í 2. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar orðast „2. júní 2018“ sem „tveimur mánuðum og einum degi eftir gildistöku dag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2018 frá 6. júlí 2018“.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 168, 30.6.2017, bls. 1.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2017/1128, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjttíð. ESB L 198, 28.7.2017, bls. 42, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júlí 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júlí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.